

in á þessa skoðun; aunaðhvort hafði kyrkjan glatað töluverðu af heilbrigðri skynsemi, eða þá að guðhræðslunni hafði stórum farið aftur. Eitt er víst, að veruleg breyting er orðin á sambandi kristinna manna og hinna illu ára nú. Því nú er sú afdrifamikla kenning risin upp, að hverjum, sem vildi, væri innan handar að „ofurselja sig illum árum“ eða „gefa sig djöflinum á vald“, og öðlast sá hinn sami við það vald til að fremja ýms skemmdarþör sjálfum sér í hag en náunganum til tjóns og foráttu. Kenningu þessari hélt kyrkjan um hríð svo stranglega fram, að drægi einhver efa á þetta, þá olli það þeim grun á honum, að hann væri sjálfur í mökum við djöfulinn, og var hann því samkvæmt lögum kyrkjunnar horfinu til pindinga og báls.

Trú þessi var í almætti sínu frá því á miðöldunum fram á daga Lúthers, og var hann ásamt öðrum snortinn af henni, og fyrir því lenti hún með nokkrum breytingum inn í kyrkju Protestanta. Út af þessari kenningu risu svo hin voðalegu galdramál og brennur miðaldanna. Siðabótin réði á þeim sáralitlar bætur, og stóðu þær yfir hálfra aðra öld eftir hana um Norðurálfuna, unz að lokum hin reglulegu náttúruvísindi fara að fæðast, en þau vinna bug á allri þessari óhæfu. En er svo er komið, þá hverfur líka kreddan um djöflaganginn og djöfulæðið út úr kyrkjinni kristnu. En eitt er staðreynd, er aldrei verður útskafin, að öll þessi myrkrafræði, sem fyrir vorum sjónum stendur sem hin viðbjóðslegasta hjátrú, var fyrir eina tíð einn meginþáttur í trúarbrögðunum.

Dæmi þessi nægja til þess að sýna að engin skoðun, hversu óeðlileg eða meiningarlaus hún kann að virðast, getur fyrir þá sök heitið hjátrú. Hún er oss hjátrú sökum þess, að hún kemur í bága við trúarbragðalegan og vísindalegan skilning vorn. En svo er hins að gæta, að tæplega er ein einasta skoðun til, er vér munum kalla hjátrúarlega, að sú hin sama hafi eigi eitt sinn verið einn liður eða þáttur í trúarbragðalegu eða vísindalegu samstæði. Enski spekingurinn Buckle segir, sérhver ríkjandi trú hefir einhvern tíma verið villukenning. Til þessarar viðmiðunar hljótum vér og reynum einþá nánar að ummerkja hjátrúna, og segjum: Hjátrúarfull er sérhver almenn skoðun, er engan stað eða heimild hefir í ákveðnum trúarbrögðum, eða kemur í bága